

Össur sallarólegur, treystir Ólafi Ragnari

Dv.is sneri sér til Össurar Skarphéðinssonar, utanríkisráðherra, til að átta sig á því, hvað honum þyki um Icesave-málið í höndum Ólafs Ragnars. Af alkunnri hógværð skal tekið fram, að Össur talar um sjálfan sig með embættisheiti og segir:

„Utanríkisráðherrann er sallarólegur yfir stöðu mála. Ég er ánægður með að ríkisstjórnin lauk málinu á þann veg sem henni þótti langfarsælast fyrir þjóðina. Nú er boltinn hjá forseta Íslands. Hann er sjálfráður gerða sinna. Verði löginn felld þá stendur eftir samþykkt Alþingis um að það beri að semja og yirlýsingar forystumanna fyrri ríkisstjórnar um þær pólitísku skuldbindingar sem Íslendingar öxluðu með Brussel-viðmiðanna. Það væri dónaskapur af mér sem einum af handhöfum framkæmdavaldsins að beita forsetann þrýstingi. Hann verður að taka sínar ákvarðanir með hagsmuni þjóðarinnar til lengri og skemmri tíma að leiðarljósi.“

Smáfuglarnir vekja athygli á því, að Össur lætur eins og löginn, sem samþykkt 28. ágúst 2009 um Icesave-ábyrgðirnar taki ekki gildi við það að nýju löginn yrðu felld úr gildi. Össur er handgenginn Ólafir Ragnari og veit, að hann mun ekki ganga gegn hagsmunum fyrstu sönnu vinstri stjórnarinnar. Þeir Össur og Ólafur Ragnar höfðu náíð samráð, þegar Ólafur Ragnar synjaði fjölmiðlalögnum 2. júní 2004.